



# Til hvers erum við?

Borgarbókasafnið á tímum COVID-19

## Opin rými allra

*Hugsaðu þér stað, þar sem allir eru velkomnir, það kostar ekkert inn. Þetta er staður þar sem þú getur verið – eins og þú ert. Það eru engar kröfur um atgervi, en þér er meira en velkomið að deila því sem þú hefur – hugmyndum, reynslu og hæfni. Hér leitarðu athvarfs frá amstri dagsins. Hér fæðast hugmyndir í samtali við aðra, sem þú hefðir annars ekki hitt. Þegar þú gengur út, finnst þér þú tilheyra einhverju stærra, vita og skilja aðeins meira. Þú býrð að upplifun af rými sem endurspeglar samfélagið sem við búum í og þér er boðið að taka þátt í að skapa.*

Bókasafnið getur verið þessi staður.

# Bókasafnalög nr 150/2012

## III. KAFLI

### Bókasöfn og starfsemi þeirra.

6. gr.

*Markmið og hlutverk.*

Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.

7. gr.

...

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslið almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði.

# Úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn

Grundvallargildi mannsins eru frelsi, velmegun og framfarir samfélags og einstaklinga. Þessum gildum verður aðeins náð ef velupplýstir borgarar nota lýðræðislegan rétt sinn og taka virkan þátt í samfélaginu. Virk þátttaka og þróun lýðræðis byggir á fullnægjandi menntun sem og frjálsum og ótakmörkuðum aðgangi að þekkingu, skoðunum, menningu og upplýsingum.

Almenningsbókasafn er hlið til þekkingar á hverjum stað. Það skapar frumskilyrði til ævimenntunar, sjálfstæðrar ákvarðanatöku og menningarþroska einstaklinga og þjóðfélagshópa.

Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu.

# Úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn

... að örva og styrkja lestrarvenjur barna frá unga aldri;

... að styðja einstaklingsmenntun og sjálfsnám svo og formlega menntun á öllum stigum;

... að veita tækifæri til að þroska sköpunargleði einstaklingsins;

... að örva ímyndunarafli og sköpunargleði barna og unglunga;

... að veita aðgang að listviðburðum í öllum listgreinum;

... að hvetja til umræðu um menningarleg tengsl og menningarlega fjölbreytni;

... að stuðla að varðveislu frásagnarhefðar;

... að tryggja aðgang almennings að hvers konar opinberum upplýsingum;

... að styðja og taka þátt í starfsemi og dagskrárgerð til eflingar lestri fyrir alla aldurshópa og eiga

frumkvæði að slíkri starfsemi ef þörf krefur.



# Leiðarljós Borgarbókasafnsins

- **Lýðræði - Markmið:** Borgarbókasafnið eflir lýðræði og jöfnuð
- **Menning - Markmið:** Borgarbókasafnið er miðstöð mannlífs og menningar
- **Menntun - Markmið:** Borgarbókasafnið er vettvangur barna, ungmenna og fullorðinna til að uppgötva og rannsaka heiminn og þróa þannig hæfileika sína og tækifæri
- **Uppspretta - Markmið:** Borgarbókasafnið er vettvangur hugmynda, sköpunar og upplifunar
- **Fyrirmynd - Markmið:** Borgarbókasafnið gegnir forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna landsins og sækir fyrirmynd sína til fremstu safna heims.



Yfirlýsing UNESCO um almenningsbókasöfn:

<https://www.upplysing.is/yfirlýsing-unesco-um-almenningsbokasofn/>



# Til hvers?

## Um hvað snýst starfsemin?

- Að reka sveigjanlegt og hlutlaust rými þar sem bæði starfsmenn og gestir miðla upplýsingum og menningu á fjölbreyttan hátt



## Hver er birtingarmyndin út á við?

- Miðstöðvar mannlífs og menningar þar sem metnaður og fagmennska býr gestum skapandi umhverfi og jákvæða upplifun

## Hver eru verðmætin sem þeir fá sem til safnsins leita?

- Griðastaður fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa, þar sem hver og einn getur lifað, leikið og lært á eigin forsendum bæði í einrúmi og í félagi við aðra


## Hvert er mikilvægið fyrir samfélagið í heild?

- Deigla menningar og grunnur lýðræðis þar sem allir fá tækifæri til þess að taka þátt, læra og þroskast

# Úr leiðarljósi Borgarbókasafnsins

Borgarbókasafn eflir lýðræði og jöfnuð. Þjónusta safnsins skal ná til allra borgaranna án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Þannig eflir það lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna.

Borgarbókasafn er miðstöð mannlífs og menningar. Borgarbókasafn Reykjavíkur er menningarstofnun í víðustu merkingu þess orðs. Þar mætast ólíkir hópar sem gefa raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins.





# Áhrif kreppu á starfsemi bókasafna

- Útlán jukust um 25% á Borgarbókasafni milli ára 2007-2009
- Í gegnum árin, má sjá slíka toppa í útlánnum/gestakomum í safnið þegar efnahagslæggðir ganga yfir landið
- Við getum því búist við aukningu í notkun Borgarbókasafns á næsta ári þegar COVID-kreppan skellur fyrir alvöru á
- Útlán eru þegar farin að aukast, sér í lagi í Grófinni, mikil aukning á milli ára
- Gestum hefur fækkað milli ára, skýringu líklega að finna í fækkun viðburða og almennri aðgát hjá notendum. Fólk kemur sjaldnar og tekur meira í einu



# Hvernig bregðumst við við?



- Við bjóðum borgarbúa velkomna í söfnin
- Undirbúum umframopnun
- Bjóðum upp á fjölbreytta viðburðadagskrá þar sem tæknin er nýtt til hins ítrasta
- Höldum ótrauð áfram að skapa griðastaður fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa, þar sem hver og einn getur lifað, leikið og lært á eigin forsendum bæði í einrúmi og í félagi við aðra



# Borgarbókasafnið í Úlfarsárdal opnar á vormánuðum 2021

